

Í 2.ml. 3.mgr. 5.gr. laga nr. 80/1938 segir að „Fari fram almenn leynileg póstatkvæðagreiðsla meðal félagsmanna um gerðan kjarasamning gildir niðurstaða hennar óháð þátttöku.“

Í 2.ml. 15.gr. slaga nr. 80/1938 segir jafnframt að „Heimilt er að viðhafa almenna leynilega póstatkvæðagreiðslu meðal félagsmanna um tillögu um vinnustöðvun og gildir niðurstaða hennar þá óháð þátttöku.“

Um slíkar atkvæðagreiðslur aðildarsamtaka ASÍ gildir sérstök reglugerð, Reglugerð um leynilega allsherjar atkvæðagreiðslu meðal félagsmanna aðildarsamtaka ASÍ.

Miðstjórn ASÍ ákvað í upphafi árs 2016 að gera breytingar á reglugerðinni og samþykkti síðan breytta reglugerð þann 25.1 2017 og aftur 15.2 2017. Í aðdraganda breytinga var samráð haft við Samtök atvinnulífsins og málið kynnt embætti ríkissáttasemjara.

Meginbreytingarnar eru eftirfarandi:

Í 10.gr. reglugerðarinnar er fjallað um allsherjar póstatkvæðagreiðslur. Þeim er lýst með sama hætti og gert er í greinargerð með þeim lögum sem breyttu lögum 80/1938 á árinu 1996. Á þessum reglum eru engar efnisbreytingar gerðar en hnykk á því að kynningarefni skuli fylgja kjörgögnum.

Í 11.gr. reglugerðarinnar er fjallað um rafrænar allsherjaratkvæðagreiðslur. Fyrir breytingar var gert ráð fyrir að póstsenda þyrfti út kjörgögn vegna allsherjaratkvæðagreiðslu og aðgangsslykil að rafrænum kjörseðli. Atkvæðum var þannig heimilt að skila rafrænt í stað þess að þurfa að póstsenda þau til baka. Þannig atkvæðagreiðsla er því blanda af póstatkvæðagreiðslu og rafrænni atkvæðagreiðslu og hefur ekki sætt athugasemdum atvinnurekenda eða ríkissáttasemjara við afgreiðslu kjarasamninga og boðana um vinnustöðvun. Þessar reglur eru óbreyttar (nú a. liður 1.mgr. 11.gr.). Með þeim breytingum sem nú hafa verið samþykktar getur kjörstjórn ákveðið að atkvæðagreiðsla verði algerlega rafræn þ.e. að engin gögn þurfi að senda út og að atkvæði megi skila með rafrænum skilríkjum eða Íslykli (núr b. liður 1.mgr. 11.gr.). Sé það það gert skal auglýsing um atkvæðagreiðslu birt a.m.k. 7 dögum áður en atkvæðagreiðslu líkur. Í henni skal að finna meginefni kynningar skv. 3.mgr. 10.gr. þ.e. „...kynning framboða, meginefni nýs kjarasamnings eða nákvæm tillaga um boðun vinnustöðvunar.“ Jafnframt skal öllum atkvæðisbærum með skráð netfang í félagaskrá send tilkynning um atkvæðagreiðslu ásamt hlekk á vefsvæði atkvæðagreiðslunnar. Þá skal tryggja að á viðeigandi vefsvæði atkvæðagreiðslunnar sé að finna leiðbeiningar um framkvæmd hennar og kynningarefni skv. 3.mgr. 10.gr. Atkvæðagreiðsla skal standa yfir a.m.k. í 3 sólarhringa. Heildartími rafrænnar atkvæðagreiðslu sem svona er framkvæmd eru því 7 dagar frá því að auglýsing er birt og þar til atkvæðagreiðslu líkur.

Breytingar hafa einnig verið gerðar á 9. gr. um allsherjaratkvæðagreiðslu á kjörstað. Skv. gildandi reglum tekur atkvæðagreiðsla á kjörstað að minnstakosti 9 daga. Nú er heimilt að stytta þennan frest í 4 daga með samþykki ASÍ. Ef um atkvæðagreiðslu kjarasamnings er að ræða og sem afgreiða þarf með svo skömmum fresti í allsherjaratkvæðagreiðslu þarf auk samþykkis ASÍ að hafa samist svo um við atvinnurekendur.

Aðrar breytingar á reglugerðinni eru minniháttar og til gerðar til fyllingar án þess að fela í sér efnisbreytingar.

Samkvæmt þessum reglum geta aðildarsamtök ASÍ notað algerlega rafræna atkvæðagreiðslu skv. b.lið 1.mgr. 11.gr. þ.a. að niðurstaða hennar gildi óháð þátttöku og án þess að eiga á hættu að að gildi þeirra verði dregið í efa fyrir dómi af þeim ástæðum.


Auk þess að eiga samráð við Samtök atvinnulífsins og embætti ríkissáttasemjara voru breytingarnar kynntar Sambandi íslenskra sveitarfélaga, Fjármálaráðuneytinu, Reykjavíkurborg, Félagi atvinnurekenda og Samtökum fyrirtækja í velferðþjónustu. Engar athugasemdir bárust og samþykki lýst við notkun regnanna að svo breyttu.

Magnús Norðdahl, deildarstjóri lögfræðideildar ASÍ, kynnti breytingarnar á fundi hjá ríkissáttasemjara þann 17. janúar 2017 og voru engar athugasemdir gerðar við þær. Fundinn sátu, auk Magnúsar, Bryndís Hlökkversdóttir, ríkissáttasemjari og Ragnar Árnason, forstöðumaður vinnumarkaðssviðs Samtaka atvinnulífsins.


Reykjavík, 6. apríl 2017



Magnús Norðdahl



Ragnar Árnason



Bryndís Hlökkversdóttir